

Leigufélagið Bríet ehf. kt. 611218-2060, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi og Dalabyggð, kt. 510694-2019, Miðbraut 11, 370 Búðardal gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um leiguvernd

1. Aðdragandi

Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri, fyrir hönd Dalabyggðar hefur farið þess á leit við Leigufélagið Bríeti að félagið komi að uppbyggingu parhúss í sveitarfélaginu til viðbótar við þær íbúðir sem félagið er með í byggingu við Borgarbraut 2.

2. Íbúðirnar

Fyrirhugað er að Leigufélagið Bríet ehf. byggi parhús á lóð við Borgarbraut 4.

3. Leiguvernd

Sveitarfélagið Dalabyggð skuldbindur sig til þess að tryggja rekstur íbúðanna. Í því felst að þar sem Leigufélaginu Bríeti tekst ekki að fá leigjendur að þessum tilteknu íbúðum virkjast leiguvernd sveitarfélagsins samkvæmt ákvæði 2. mgr. 3. gr. samkomulags þessa. Leiguvernd sveitarfélagsins virkjast hafi íbúðirnar verið auðar í tvo mánuði og auglýstar án árangurs.

Leiguvernd í skilningi samkomulags þessa felur í sér að Dalabyggð ábyrgist að greiða rekstrarkostnað íbúða, þ.m.t. afborganir lána og fjármagnskostnað. Rafmagns- og hitakostnaður fellur utan við greiðslur samkvæmt samkomulagi þessu en þann tíma sem sveitarfélagið greiðir kostnað samkvæmt framangreindu, greiðist af sveitarfélaginu beint til þjónustuaðila á grundvelli notkunar. Sveitarfélaginu er einnig heimilt að útvega leigjendur í eignirnar til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu.

Leiguvernd sveitarfélagsins virkjast þegar íbúðirnar verða tilbúnar til útleigu og gildir í 8 ár frá þeim degi. Selji félagið íbúðirnar fellur samkomulag um leiguvernd Dalabyggðar niður.

4. Annað

Samkomulag þetta er gert í tvíriti og staðfest í votta viðurvist.

Samkomulag þetta lýtur íslenskum lögum.

Ágreining um samkomulag þetta skal reka fyrir Héraðsdómi Vesturlands nema um annað sé samið.


Borgarnes, 6. nóvember 2025

f.h. Leigufélagsins Bríetar ehf.

 **Leigufélagið Bríet**

E.u. lóa Marsibil Jónsdóttir


Kt. 151077-4559


lóa Marsibil Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri

f.h. Dalabyggðar


Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri
(með fv.um staðfestingu byggoarráðs Dalabyggðar)

Vottar að fjárræði, dagsetningu og undirritun (nafn og kt.)

 08087041859

 020959-2829
Leigufélagið Bríet ehf.